

Skólaslit 2015.

Ræða skólameistara

Heiðraða samkoma. Við hefjum þessa athöfn að venju á því að rísa úr sætum og syngja skólasönginn, texta Einars Benediktssonar **Til fánans** við lag Björgvins Guðmundssonar.

Undirleikari er Eyrún Jónasdóttir, kórstjóri skóla vors.

Skólasöngurinn - Til fánans.

Ágætu verðandi nýstúdentar, fjölskyldur þeirra, starfsmenn, júbílantar og aðrir gestir.

Nú á vormánuðum innritast nýnemar vegna næsta skólaárs inn í nýtt kerfi, þriggja ára kerfi til stúdentsprófs. Aðsókn nýnema að skólanum er góð, eilítið umfram það sem við ráðum við, og verða tveir fullskipaðir bekkir á fyrsta ári hvor á sinni brautinni, Félags- og hugvísindabraut og Náttúruvísindabraut eins og þær munu heita í nýja kerfinu. Vorið 2018 útskrifast því tveir árgangar við skólann. Skólaárið hefur verið lengt um fimm daga, tilgreindum prófadögum í skóladagatali fækkar mjög en í þeirra stað verður ívið styttri - svonefndur námsmatstími. Uppbygging námsins hefur verið endurskipulögð, námsmat verður meir og meir í formi símats og vinnubrögð munu bera í vaxandi mæli keim af verkefnaþriðju námi. Kennarinn verður í öllu fremur í hlutverki leiðbeinandans, leiðsögumannsins um frumskóg fræðanna. Viðmiðið í framtíðinni er

vinnan og tími nemandans sem í námið fer miðað við markmið og kröfur um þekkingu, færni og hæfni. Fjöldi kennslustunda er hverfandi mælikvarði og að auki munu kennarar starfa eftir nýju vinnumati. Já, tíminn er afstæður, það eru gömul sannindi og ný sem koma fram í síbreytilegri birtingarmynd.

Ég vil hér og nú þakka starfsfólki skólans alla þá vinnu sem það hefur lagt að mörkum með sérlega jákvæðu hugarfari við innleiðingu nýrrar námskrár, námskrár með grunnþættina læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun að leiðarljósi.

Unnið verður að því næsta skólaár að skanna gamlar myndir úr skólalífinu og setja þær inn á sérgreinda myndasíðu aðgengilega öllum. Þar verður hægt að koma upplýsingum á framfæri við ritstjóra síðunnar um tilurð myndanna, hvað þær sýna og nöfn þeirra sem á myndunum eru. Vinnuheiti síðunnar er NEMEL-síðan, enda mun tækjabúnaður og vinnulaun fyrst til að byrja með greiðast með gjafafé júbilanta. Þess er aldrei of oft getið að einir helstu bakhjarlar skólans eru fyrrum nemendur hans. Við lítum á þetta sem framtíðarverkefni, jafnvel eilífðarverkefni, því ekki verður látið staðar numið að ári.

Nýliðin áramót færðust allar eignir skólans frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu til Ríkiseigna eins og þær heita í dag. ML

er síðasti framhaldsskólinn sem fer í þeirra hendur hvað húsnæði varðar. Þetta hefur í för með sér miklar breytingar fyrir skólann. Leigukostnaður hækkar svo um munar en það á að fylgja jafnmikið fjármagn á móti vegna þess. Nú þegar hef ég þurft að berjast fyrir því að sú væri reyndin hvað 2015 áhrærir og treysti ég því að ekki muni halla á í framtíðinni. Skólanum er gert að losa sig við eignir, en ákveðið var fyrir þó nokkru að húsin Mörk, Hlíð og Björk færu í söluferli en þau hafa verið í umsjá skólans síðan Héraðsskólinn gamli var lagður af sem sjálfstæður skóli. Okkur er í sjálfu sér ekki sárt um það, það er eðlileg þróun. Við munum þó koma okkar skoðun á framfæri hvað Björkina varðar en það hús er einna merkilegast í sögulegu samhengi af þessu þremur húsum. Fjárhúsið svonefnda úti í iðnaðarhverfi, sem hefur verið nýtt sem geymsla, verður væntanlega á hendi Ríkiseigna og vænti ég þess að okkur verði gert mögulegt að nýta það áfram að hluta, án leigukostnaðar, enda er nauðsynlegt fyrir ríkiseignirnar hér að Laugarvatni að hafa afdrep fyrir muni og húsbúnað þar sem húsin hér gegna tvíþættu hlutverki, skólar á veturna og hótél á sumrin. Helsta áhyggjuefnið er þó það að eins hefur verið ákveðið af ráðuneytinu að skólinn losi sig við starfsmannahúsnæði í ár og á næsta ári, önnur hús en Bala og Garð enda þau þannig staðsett á hólnum. Þau önnur hús sem um ræðir og skal selja eru Hvarf, Barð, Tröð og Tún, húsin á Skólatúninu vestan við skólahúsið. Sjá má fyrir sér ýmsar “sviðsmyndir” í því hvaða áhrif það mun hafa í framtíðinni á starfsemi skólans en ég mun ekki fara nánar út í það hér. Nefna má

að litið er orðið á sérhverja sýslu, jafnvel þó víðar sé horft, sem eitt atvinnusvæði.

Í árlegri könnun SFR sem ber nafnið Stofnun ársins, náði skólinn afar góðum árangri nú sem og í fyrra. Um 300 stofnanir og fyrirtæki tóku þátt í könnuninni sem gerð var meðal rúmlega 50 þúsund starfsmanna þeirra, óháð stéttarfélagsaðild, með fyrirlögðum rafrænum spurningalista. Þar af voru um 18 þúsund ríkisstarfsmenn. Einkunnir voru gefnar í flokkunum: trúverðugleiki stjórnenda, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki í vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunar, ánægja og stolt. Stofnunum og fyrirtækjum var skipt í þrjá flokka eftir starfsmannafjölda. ML var í 8. sæti ríkisstofnana í sínum flokki af 49 stofnunum og í 14. sæti allra ríkisstofnana sem tóku þátt en þær voru 126. Þessum heiðri deilum við öll saman, starfsmenn skólans. Við látum þetta ekki stíga okkur til höfuðs heldur stefnum að því að gera enn betur.

Ég mun ávarpa nýstúdenta sérstaklega í lok dagskrár en nú flytur annál skólaársins 2014-2015, aðstoðarskólameistari vor, Páll M. Skúlason.

Halldór Páll Halldórsson skólameistari